


# Vöðvasullur í sauðfé og bandormahreinsun hunda

Á yfirstandi sláturtíð hafa eftirlitsdýralæknar Matvælastofnunar orðið varir við vöðvasull í sauðfé frá nokkrum bæjum og hefur greining verið staðfest af sérfræðingum á Tilraunastöð HÍ að Keldum.

Um er að ræða aukna tíðni og gæti ástæðan verið misbrestur á bandormahreinsun hunda. Vöðvasullur er ekki hættulegur fyrir fólk en veldur tjóni vegna skemmda á kjöti og hugsanlega óþægindum fyrir féd.

Vöðvasullur er lirfustig bandormsins *Taenia ovis*, sem lifir í hundum og refum. Um er að ræða blöður sem finnast í vöðvum sýktra kinda. Vöðvasullur greindist fyrst hér á landi í lömbum árið 1983 og á árunum fram til 1990 sást tölувert af honum en síðan hafa aðeins fundist stök tilfelli. Nú hafa aftur á móti greinst fleiri tilfelli en vant er og því vill



Myndir: Matthias Eydal, Ólöf Sigurðardóttir og Einar Jörundsson  
Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum

Matvælastofnun vekja athygli á þessu. Ástæður aukinnar tíðni gætu verið að misbrestur hafi orðið á bandormahreinsun hunda eða að bandormurinn geti leynst í refum.

Vöðvasullsbandormurinn smitar ekki fólk en sullirnir valda skemmdum á kjöti og að öllum

líkindum vanlíðan fyrir sýkt fé. Annar og verri bandormur, *sulla veikibandormurinn* (*Echinococcus granulosus*) hefur ekki greinst í sauðfé hér á landi síðan árið 1979 og ormahreinsun hunda vegna hans hefur verið lögboðin í áratugi. Hundaeigendum er enn skylt að



láta ormahreinsa hundana sína árlega, sbr. 57. grein reglugerðar um hollusthætti nr. 941/2002 og vill Matvælastofnun brýna fyrir hundaeigendum að sinna þessari skyldu sinni. Þetta á við um alla hunda, hvort sem er í sveit eða þéttbylli. Ormahreinsun hunda þar sem búrekstur er, skal fara fram að lokinni aðalsláturtíð eða í síðasta lagi í desember ár hvert. Það skal tekið fram að smitið

viðhelst fyrir lífstíð í sýktu fé og því er mikilvægt að sjá til þess að hundar komist ekki í eða séu fóðraðir á hráu kjöti. Jafnframt vill Matvælastofnun beina þeim tilmælum til refaskyttna að leggja ekki út hræ af kindum fyrir refi.

31. október 2016  
**Auður Lilja Arnþórðsdóttir,**  
sóttvarnadýralæknir hjá  
Matvælastofnun